

# FLENSBORGARHÖFN

-VIÐHENGI skipulagslýsingar-

Magnea Guðmundsdóttir  
9. febrúar 2016

fyrir

Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar



## 1 ATHUGASEMDIR OG SAMRÁÐ

Um samráð

Starfshópur, ráðgjafar og viðtöl

Samantekt athugasemda

Yfirlit yfir framkomnar hugmyndir á starfsemi

## UM SAMRÁÐ

Skiplagslýsingin er að miklu leiti byggð á athugasemdum og hugmyndum sem hafa komið fram á opinni vinnustofu, viðtölum, bloggssíðu (flensborgarhofn.wordpress.com) og opnum fundum sem hafa verið haldnir í tengslum við verkefnið á árinu 2015. Þar hafa hagsmunaaðilar, íbúar, rekstraráðilar, lóðarhafar og aðrir áhugasamir látið frá sér heyrta.

Um 15 viðtöl við hagsmunaaðila hafa farið fram, bloggssíða með upplýsingum um verkefnið hefur verið starfandi og þar hafa ýmsir komið sínum athugasemdum á framfæri. Á tímabilinu 21. maí til 21. júní var haldin opin vinnustofa í Hafnarborg þar sem verkefnið var kynnt og fólk boðið að skilja eftir athugasemdir og koma hugmyndum á framfæri með ýmsum hætti. Boðið var upp á opna fundi, samtal og gönguferð um svæðið. Málstofa var hluti af vinnustofunni en þar átti sér stað samtál við aðila með reynslu af svipaðri uppbyggingu á öðrum stöðum.

Myndir frá vinstri:

Auglýsing fyrir opna vinnustofu í Hafnarborg

Myndir frá málstofu 28. maí í Hafnarborg

Frá skipulögðum göngutúr um svæðið

Myndir síða á móti:

Bloggssíða verkefnisins

Listu yfir starfshóp, ráðgjafa og viðmælendur



The image shows a Facebook event page for 'Þinn staður okkar umhverfi við Flensborgarhöfn'. The event title is 'Þinn staður okkar umhverfi við Flensborgarhöfn' and the category is 'Skipulag-verkefni í vinnslu'. The event date is '21. maí - 21. júní 2015'. The description reads: 'Í Svartfiski Hafnarborgar eru áberingleg kort, loftmyndir, teikningar, myndir og önnur efni sem tengjast Flensborgarhöfn. Mið staður þri. undirbrengr vegna skipulagsáttu á svæðinu og er sú vinnu íþrútti með myndir milli. Á stöðum á höfninni eru þessir heftir til að leggja smá til umráðanna.'

**Dagsetur:**  
**Fréttir frá 21. maí kl. 17**  
Þinn staður okkar umhverfi við Flensborgarhöfn  
Opnan vinnustofu og samnefnd kynningartíundur um skipulagsáttu við Flensborgarhöfn.

**Fréttir frá 28. maí kl. 20**  
Sami staður, nfr. 17m!  
Málstofa um endurnýjun hataravanda. Á meðal þátttakenda eru Gísli Gíslason hofnarstjóri, Elzabí Kóshórná, Anna Klara Þegaddottir arkitekt, Róbert Guðmússon atvakanamaður frá Sýnginni, Hólmur Sveinsson borgarfulltrúi og formáður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur leiðr umráðanna.

**Fréttir frá 4. júní kl. 20**  
Fréttir frá gönguferðinni um svæðið.  
Hugna Guðmússon leit vinnuáttu skipulagsáttu um svæðið. Hólmur Sveinsson tók þátt og segja frá.  
Gæðgi frá Hafnarborg.

**Samanhengi 7. júní kl. 16**  
Skiplagsgönguferð um svæðið.  
Ólafur Ingi Tómasson, formáður skipulags- og byggingaráðs, segir frá skipulagsáttu við snáttaldröfnina.

**Fréttir frá 13. júní kl. 17**  
Samtal höfnuða og tóla um skipulag Flensborgarhafnar.



Frá heimsoákn í Íshús Hafnarfarðar í júní 2015



Frá skipulagðri göngu um svæðið í júní 2015

Auglýsing fyrir opna vinnustofu í Hafnarborg

## STARFSHÓPUR, RÁÐGJAFAR OG VIÐTÖL

Fjölmargir aðilar hafa komið að samtali í undirbúningi skipulagslýsingarinnar. Starfshópur ásamt verkefnastjóra hefur hist reglulega á árinu 2015 og sérfræðingar á skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar hafa einnig komið að ferlinu.

Um 15 viðtöl við hagsmunaaðila hafa átt sér stað á tímabilinu.

STARFSHÓPUR	
Ólafur Ingi Tómasson	Formaður skipulags- og byggingaráðs
Már Sveinbjörnsson	Hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar
Unnur Lára Bryde	Formaður hafnarstjórnar
Ófeigur Friðriksson	Bæjarfulltrúi Samfylkingar
Bjarki Jóhannesson	Skipulagsstjóri (til okt. 2015)
Pormóður Sveinsson	Skipulagsstjóri (frá okt. 2015)
RÁÐGJÖF -SKIPULAGSSVIÐ og Hafnarfjarðarbær	
Málfríður Kristjánsdóttir	Skipulagsgögn
Elsa Jónsdóttir	Kortagrunnar
Lilja Ólafsdóttir	Fasteignir, lóðir
Helga Stefánsdóttir	Samgöngumál
Berglind Guðmundsdóttir	Umhverfismál
Björn Pétursson	Saga hafnarinnar
	Byggðasafnið

## FÉLÖG, FYRIRTÆKI og einstaklingar

Haraldur R. Jónsson framkvæmdastjóri	Úthafsskip
Björn Indriðason umsjónarmaður fasteigna	Úthafsskip
Ragnar Hilmarsson	Siglingaklúbburinn Þytur
Fríðrik Friðriksson	Siglingaklúbburinn Þytur
Kristján Ásgeirsson	Alark arkitektar, höfundur deiliskipulags Suðurhafnar
Jón Breiðfjörð Höskuldsson	Báræn, félag smábátæigenda
Ólafur Gunnar Sverrisson	Íshús Hafnarfjarðar
Anna María Karlsdóttir	Íshús Hafnarfjarðar
Ingvar Guðmundsson fasteigna eigandi	Drafnarhúsið, Stranggötu 75
Lárus Jón Guðmundsson	Hansaborgin, Fornubúðum 8
Hjörtur Hinriksson framkvæmdastjóri	Special tour ferðaþjónustufyrirtæki
Hinrik Kristjánsson eigandi	Fiskvinnslan Kambur Fornubúðum
Soffía Sæmundsdóttir myndlistarkona og gallerieigandi	Málarinn við höfnina Fornubúðir
Jón Rúnar Halldórsson framkvæmdastjóri	Fornubúðir 5

## MÁLSTOFA HAFNARBORG 28.MAÍ 2015

Sem hluti af vinnustofu um framtíð Flensborgarhafnar var haldin málstofa í Hafnarborg þar sem þremur góðum frummælendum var boðið til samtals. Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi leiddi umræðuna. Þáttakendur málstofunnar kynntu sín sjónarmið og reyntu af uppbyggingu við smábátahafnar. Þau voru Gísli Gíslason hafnarstjóri Faxaflóahafna, Anna María Bogadóttir arkitekt og Róbert Guðfinnsson athafnamaður frá Siglufirði.

**Borghildur Sturludóttir** bauð gesti velkoma.

**Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi**

**leiddi umræðuna:**

- Ríflaði upp þá tíma sem hann ólst upp í Hafnarfirði. Höfnin hafði mikið aðdráttarafl fyrir krakka, löngu áður en fólk fór að lífa á hafnar sem einhverskonar mannlífvæði, svæði fyrir túrista eða veitingastaði.
- Hefur verið magnað að fylgjast með hvernig hafnarvæði Reykjavíkur er orðinn hinn eiginlegi heiti reitur þar sem ólíkar starfsemi lífa vel saman.
- Það er margt að þeila, er þetta ein formúla sem gengur fyrir allar hafnar? Eða eru þetta gjörólkir staðir? Hvaða saga er sögð? Hér er verið að segja sögu Flensborgarhafnar? Þetta þarf að vera eitthvað sem gefur samfélaginu og gerir það ríkara.

**Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna**

- Síðustu ár hafa bátar í atvinnusmábátavélgæringu farið fækkandi en tómstundaveiðar vaxandi. Menn vilja vera í bátasamfélagi og sækja í mannlíf. Suðurbugtún er mjög vinsæl meðal smábátæigenda. Bátarnir fara stækkandi, eru orðnir um og yfir 100 tonn.
- Gríðarlegur vöxtur í hafnsækinni ferðabjónustu, hvalaskoðun, náttúrufréttisglingar og sjóstangaveiði.
- Aðdráttarafl í gömlum bátum, höfum verið að hvefja til að fólk geri upp.
- Þarf líka að vera góð bjónusta við höfnina í landi. Flothryggjur, gestaðstöðu, vatn og rafmagn. Ólíkir aðilar við höfnina -bátæigendur í útgæru, í tómstundum og náttúrufréttis-koðun -hafa allir ólíkar þarfir. Ferðabjónustan þarf rými og aðstöðu.
- Umferðarmál skipta miklu máli. Ferðabjónustu og mannlíf þarf að fylgja pláss fyrir fólk og gangandi umferð á að hafa forgang. Það verða að vera áningastaðir fyrir gesti.
- Þegar verbúðunum var breytt í verslanir og veitingastaði voru margar óánægjuraddir en þú verður að hafa trú á því sem maður gerir og að það virki til lengri tíma.
- Við gömlu verbúðirnar eru átta fyrirtæki í hafnsækinni ferðabjónustu. Í dag fara um 110-115 þúsund ferðamenn um svæðið árlega og það er margt framundan og þarf að halda áfram að skipuleggja.
- Ferðabjónustan er líka að vaxa á veturnar, gríðarlegt stökk í janúar, febrúar og mars á þessu ári -þar á meðal norðurljósaogsiglingar sem seljast vel.
- Í Vesturbugtúnni eru nú komnar göngu-bryggjur, flothryggjur, aðstaða fyrir báta í ferðabjónustu og matarvagn sem mun allt spila saman við íbúabyggð sem kenndur er Blöndunin er mjög mikilvæg, sumir hafa áhyggjur af því að þrengja að útgæringu en þetta á að geta lífað vel saman líkt og það gerði í gamla daga, þó á öðrum forsendum.
- Hótel Marina og Slippurinn er gott dæmi um hvernig atvinnustarfsemi og ferðabjónusta getur lífað hlið við hlið.
- Það eru margir sem vilja koma við höfnina en það eru ekki allir sem við viljum fá, þurftum að velja og hafna til að tryggja rétta blöndun.
- Umhverfisbætur eru mikilvægar sem fyrsta skref. Ætti að vera hluti af deliskipulaginu að t.d. gera upp gömul hús.
- Bjónusta við íbúa ekki síður mikilvæg.
- Líklegt að sjóferðir á strætó verði í framtíðinni. -innan Reykjavíkur, milli Akranes og Reykjavíkur eða milli Reykjavíkur og Hafnarfarðar! Þá þyrfti aðstöðu og aðdráttarafl á báðum endum.
- Við höfum tekið eit skref í einu. Reynum að þrýða inn í það sem virkar.
- Nauðsynlegt að greina stöðuna en það þarf líka að endurmeta stöðuna reglulega og leggja línurnar.

### Anna María Bogadóttir arkitekt

- Vann sýningu í Hafnarborg Vísar -húsið í húsinu. Snerist um umbreytingar hússins. Hvernig það var fyrst byggt alveg við strandlínuna, viðbyggingar og hugmyndir frá LA sem snerust um að breyta því í menningarhús eða amerískt mótél.
- Saga hússins endurspeglar sögu bæjarins á vissan hátt.
- Annað verkefni sem er saga umbreytinga er Norðurbryggjan í Kaupmannahöfn.
- Anna tók þátt í að stofna menningarhús fyrir Vest-norrænu þjóðirnar þar sem stóðu gömul pakkhús sem átti að rífa en m.a. Vigdís Finnbogadóttir tókst í liði með öðrum að sannfæra skipulagsfyrirvöld að hætta við þau áform.
- Í dag stendur þar einn frægasti veitin-gastaður í heimi -Noma. Dæmi um hvernig lítil hugmynd getur orðið að einhverju risastóru.
- Þar eru oft skemmtilegir viðburðir og nú er risin íbúðabyggð sem fór þó í gegnum þó nokkrar breytingar eftir mótmæli íbúa í kring.
- Vinnan í Kaupmannahöfn varð innblástur til að hugsa um skipulagsmál Gömlu haffarinnar í Reykjavík. Á þeim tíma átti t.d. að rífa verbúðirnar sem eru svo vinsæll ánin-gastaður í dag.
- Héldu fund með íbúum og stofnuðu Slip-pbanka -ein innlögn í bankan var athugas-emd frá ferðamanni -"Not another boring

marina, please save Slippur".

- Verkefnið "Hæg breytileg átt" er annað dæmi um hvernig má vinna slík verkefni með samtali og hugmyndum frá íbúum og víðar.
- Góðar hugmyndir koma ekki bara frá arkitektum eða skipulagsfræðingum heldur þarf að opna á samtalið til fleiri greina s.s. sálfræðinga, hagfræðinga eða verkfræðinga.
- Það er viðkvæmt verkefni að þétta byggð, sérstaklega á hafnarsvæðum þar sem er yfirleitt elsta byggðin
- Líft og dæmið um mótelið frá LA í upphafi erindis koma hugmyndir oft erlendis frá en það gleymist líka oft að staðfæra þær.
- Þá er mikilvægt að nýta sér þau gæði sem staðurinn felur í sér og vinna með það á jákvæðan hátt.



Gísli, Anna María og Róbert, frummælendur á málstofu.



Hjálmar Sveinsson leiddi umræðuna á málstofu.

## Róbert Guðfínsson athafnamaður frá Siglufirði

- Það er stundum auðveldara að byrja á núlli og klífa upp en að byrja með mikil verðmæti og bæta við. Þannig hófst uppbyggingin við höfnina á Siglufirði, á núlli nánast.
- Við fengum meira rými til að gera það sem okkur langaði til, það voru engir stefnumótunarfundir.
- Á ferðum erlendis hefur maður veitt því athygli hversu mikið aðdráttarafl höfnin hefur sérstaklega þegar sportveiðimenn eru að draga fisk að landi.
- Lærum mikið af því að horfa á hverning aðrir eru að gera hlutina.
- Las Vegas dregur til sín rúmlega 40 milljónir ferðamanna ár hvert, þetta er bara fronturinn en er samt að svínvirka.
- Góð biónmynd er ekkert án þess að leikmyndin sé góð. Ég fékk til liðs við mig leikmyndahönnuðinn Jón Steinar Ragnarsson. Þetta er að mestu úttært við eldhúsbörðið milli okkar tveggja.
- Trillukarlararnir voru hræddir um að þeim yrðu hent út -en þeir eru leikararnir, við ætluðum bara að gera leikmyndina.
- Nú er verið að leggja lokahöndina á hótelið við höfnina. Það er lágreist svo það skyggi ekki á aðrar byggingar. Löndunin á fisknum er nánast ofan í hótelinu, við erum að reyna að búa til nándina milli þessa.
- Þar sem ég bý í Pheonix, Arizona kynntist ég eldri borgurum á Flugvellinum sem vinna við að leiðbeina fólki í rétta á í sjálfoðavinnu.
- Ég vildi skapa þægilegt viðmót og fékk áhugaleikara til að vera á sviði og við húsín og ræða við ferðamenninna.
- Flestir koma til Íslands til að sjá náttúruna en það er ekki síður mikilvægt að ferðamenn hittu fólk á Íslandi og þeir finnist þeir vera velkomnir.
- Ég vil geta sagt að Sigluförður er vingjarnlegasti bærin sem túristinn kemur á



Róbert Guðfínsson frá Siglufirði var með erindi



### Helstu punktar frá umræðu úr sal

- Mikilvægt að það sé heildarhugsun og hver staður finni sinn karakter til að vinna með
- Hvernig nýtir maður umhverfið sem er fyrir
- Passið að trillukarlarnir hafi líka sitt pláss
- Það þarf að hugsa um varðveislu á forsendum framtíðarinnar og hvernig umhverfið er notað, ekki bara frá forsendum Bygðasafnsins.
- Það þarf að finna sátt milli ólíkra ferðamáta, umferðarmálin. Á sameiginlegum svæðum þarf fótgangandi að hafa forgang. Stórir vörubílar sem keyra á 40km/klst virkar á fólk eins og þeir keyri á 70km/klst.
- Samvinna milli hafna getur styrkt hvor aðra t.d. með því að lána báta á milli, þeir eru aðdráttarafli.
- Það eru líka möguleikar í samgöngum á sjó milli bæjarfélaga.
- Á Siglufirði er ekki ætlað að byggja íbúabyggð, enda hefur aldrei verið íbúabyggð við höfnina.
- Samtal og samráð í slíkum verkefnum líkur aldrei, þau eiga að vera stöðug. Skipulagsverkefni í rauninni klárast aldrei
- Stundum eru menn of fljótir að skilgreina svæði í þróun. Í Kaupmannahöfn er verið að reyna að leyfa þróuninni að gerast á náttúrulegum forsendum og þau skilgreind sem "perspektív-omrade" eða einfaldlega þróunarsvæði.

- Umferðin á eftir að aukast frá höfninni í Hafnrfirði í framtíðinni. Mikilvægt að sjá til þess að aðkomuleiðir séu skilgreindar og greiðar.



Umræða skapaðist og góðar athugasemdir bárust einnig úr sal

## SAMANTEKT ATHUGSASEMDA

Athugasemdir frá viðtölum, opinni vinnustofu í Hafnarborg, fundum, bloggsíðu og vefpóstum hafa verið teknar saman og sett í flokka eftir málefnum sem eru eftirtarandi:

### Höfnin

- Það er mikilvægt að sjarni hafnarinnar fái að halda sér.
  - Smábátahöfnin hefur sprengt utan af sér, vantar aðstöðu fyrir trillubáta, viðhald o.fl.
  - Vantar pláss fyrir skútur, árabáta og kajak
  - Öseyrarbrýggju við Fornubúðir þarf að endurnýja.
  - Uppbygging við Flensborgarhöfn má ekki þrengra að startsemi við höfnina
  - Núverandi hafnarskilyrði eru góð fyrir smábáta, höfnin er vel varin, þar er lítil sjógangur
  - Meetti auka samstarf milli aðila við höfnina, hefur ekki verið mikið hingað til
  - Mest er um að vera yfir sumarið við smábátahöfnina og veturnir eru rólegri
  - Með því að gera kanal inn á svæðið þá eykst aðgengi að bakkannum og meira pláss skapast fyrir báta.
  - Án alvötru hafnarsvæðis verður Hafnarfjörður ekki lengur Hafnarfjörður.
  - Það væri yndislegt ef það væri göngu og dorg bryggja þokkalega löng og breið (og t.d. kaf-fínhús/ fish and chips staðir) með möguleiki á útsetu og bílastæði
- ### Slippurinn
- Synð ef slippurinn liggi bara undir skemmdum, hann gæti verið mikið aðdráttarafli
  - Mikil sókn í endurgerð gamalla báta, "frístundavíðgerð"
  - Gamlan væri að sjá gamla slippinn verða að bátasafni þar sem smíðir væru að störfum við smíðar og víðgerðir.

### Tengingar og umferð

- Tenging við miðbæinn ætti fyrst og fremst að vera með göngu og hjólastígum, þannig að hægt verði að rölta þarna á milli í góðum fling á góðvörðisdögum.
- Best væri ef strandstígurinn héldi áfram meðfram ströndinni en færi ekki yfir götuna.
- Loka jafnvel með girðingu við Strandgötuna í tengslum við stíginn og huga með því að öryggi gangandi fólks við höfnina
- Strandstíginn þarf að skoða í stærra samhengi, hjólaleiðir meetti bæta t.d.
- Tengja strandstíginn almennilega svo hægt sé að ganga alla leið á Hvaleyrarholt
- Væri hægt að beina umferð frá höfninni í gögn undir holtið?
- Strandgatan er of umferðapung

### Sagan

- Íshúsið ætti ekki að rífa, það er eitt af fáu eftir á höfuðborgarsvæðinu
- Mikilvægt að tengja uppbygginguna sögummi hvort sem það sé saga t.d. Bjarna Sívertssonar eða annars tíma.
- Í Hafnarfirði er saga tengd vikingum og Dönnun gerð skil í bænum en það meetti gera sögu frá miðöldum betur grein fyrir
- Efti að frída Íshúsið, Drafnarhús og verbúðir við Fornubúðir

## Byggðamynstur

- Byggingarmagn má ekki vera fram úr hófi og byggðin þarf að vera lágreist. Að öðrum kosti hverfur höfnin bak við steinkumbalda og gleymist.
- Lágreist byggð, ekki endurtaka leikinn eins og með Norðurbakkann.

## Starfsemi

- Samkvæmt nýlega samþykktu aðalskipulagi er þetta hafnar-, verslunar- og þjónustusvæði. Það er engin ástæða til þess að víkja frá því og það þjónar ekki hagsmunum bæjarbúa að breyta þessu í íbúðabyggð.
- Það mættu vera íbúðir við höfnina svo tryggt sé að þar verði líf á öllum tímum sólarhrings
- Smábátastarfsemi gæti vel virkað meðfram ferðamannaþjónustu, góð hugmynd að opna þar búðir o.þ.h.
- Það vantar fleiri almennilega veitingastaði í bæinn og það væri kjörið að gera ráð fyrir slíkri aðstöðu við höfnina. Með aukinni uppbyggingu í ferðaiðnaði í bænum ætti að geta skapast grundvöllur fyrir lifandi hafnarsvæði með veitingastöðum og annarri þjónustu svipað og er við gömlu höfnina í Reykjavík.
- Siglingaklúbburinn getur bætt við sig félögum og bátum, þar er mikil ásókn.
- Væri hægt að hýsa fleiri gerðir starfsemis með siglingaklúbbnum s.s. kajaksiglingar, sjósund, eða mótorbáta.
- Líta til góðs árangurs í Reykjavík með matsölustöðum og kaffihúsum og verslunum.

við smábátahöfnina þar.


- Margir hlutir þurfa að vinna saman til að gera svæðið aðlaðandi fyrir heimamenn og gesti.
- Umhverfi og staðsetning eru gríðarlega mikilvæg fyrir skapandi starfsemi.
- Gamla höfnin er gott dæmi um blöndun, veitingastaðir, verslanir og boðið upp á skoðunarferðir fyrir ferðamenn.
- Þarna á að koma menningartengd uppbygging sem dregur að mannlíf.
- Enginn grundvöllur fyrir trillueigendur að halda úti húsneði, verbúðirnar við Fornubúðir ekki lengur notaðar af trillueigendum.
- Synd að það sé ekki hægt að bjóða ferðamönnum upp á meiri afþreyingu í Hafnarfirði.
- Rekstraraðilar í ferðaþjónustu eru áhugsamir um að koma í Hafnarfjörð en aðstaðan ekki til staðar.
- Væri hægt að skoða Flensborgarhöfn sem áfangastað í stærri hring fyrir ferðamenn um Reykjanesið.
- Mætti tengja uppbygginguna höfninni og gera hana aðgengilega almenningi t.d. með fiskmarkaði eða fræðslu um sjávarlíf.
- Höfnin er tilvalin vettvangur fyrir bæjarhátíðir.
- Ný skapandi starfsemi í Íshúsinu. styrkir þá starfsemi sem fyrir er.
- Þyrfti að styrkja þjónustu við skemmtiferðaskip, ferðamenn né íbúar stoppa ekkert við enda er mjög takmörkuð afþreying fyrir. Gæta að hafnarstarfsemi trufla ekki aðra byggð með hávaða.

## Annað

- Mikilvægt að skoða stærra svæði í samhengi við skipulag.
- Skipulag á Norðurbakka virðist hafa verið skoðað í einangrun og ekki tekið tillit til nærliggjandi svæða, hafnarbakkinn er ónothæfur, of stuttur til að geta nýst til þjónustu.
- Fjaran við slippinn er eina fjaran eftir inn í bænum, hana ætti að vernda.
- Uppbygging við Flensborgarhöfn þarf að vera hagkvæm því framkvæmdin er dýr.
- Gera umhverfið barnvænt.
- Núverandi skipulag býður fólk ekki velkomið inn á Flensborgarhöfnina, það eru stór malbikuð svæði en óljóst hvar fólk má vera eða ganga.
- Höfnin er sérstaklega skemmtileg á sumrin þegar smábátarnir eru á fullu, krakkar í siglingaklúbbnum og að dorga við höfnina.
- Ætti að endurbyggja gamla Flensborgarskólann í upprunalegri mynd.
- Núverandi ímynd Hafnarfjarðar fælist frá (víkingar, álfar, tröll). Hægt væri að endurvekja gömlu ímyndina með sjóinn og höfnina sem miðju.
- Væri heillandi ef minnismerki um fyrstu Lútersku kirkjuna á Íslandi væri gert hærri undir höfði, t.d. með skjóli og huggulegheitum og tengt við bryggjuna t.d. með gönguleiðum.
- Hönnun og starfsemi smábátahafnarinnar ætti að vera í samræmi við umhverfissvottun Bláfánans.

## HUGMYNDIR AÐ STARFSEMI

Hvalaskoðun  
Róðrabátamiðstöð við Fjörukrána  
Menningarstofnun  
Skemmtiferðaskip  
Byggðasafn  
Sjómínjasafn  
Bátasafn  
Tívolk  
Bókasafn  
Ferðapjónusta  
Farfluglahemili  
Hótel  
Veitingastaðir  
Bókakaffihús  
Verslanir  
Aðstaða fyrir kajaksiglingar,  
sjósund og mótorbáta  
Sjósundaðstaða  
Sundlaug  
Fótboltavöllur  
Útivistarsvæði með Íkamræktartækjum  
Ice dome



Sýnishorn athugasemda sem bárust á opinmi vinnustofu í Hafnarborg dagana 21.maí til 21.júní 2015

